

Innheimtustofnun sveitarfélaga

Ársreikningur 2017

Innheimtustofnun sveitarfélaga
Lágmúla 9
108 Reykjavík

Kt. 530372-0229

Efnisyfirlit

Undirritun stjórnenda á ársreikninginn	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Áritun Sambands íslenskra sveitarfélaga	6
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Undirritun stjórnenda á ársreikninginn

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Innheimtustofnun sveitarfélaga var stofnuð árið 1972 og starfar eftir lögum nr. 54/1971.

Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur það meginhlutverk að innheimta meðlög og sérstök framlög samkvæmt barnalögum hjá meðlagsskyldum aðilum á grundvelli dóms, staðfests samnings eða úrskurðar sýslumanns sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt til meðlagsmóttakenda.

Markmið Innheimtustofnunar sveitarfélaga hefur undanfarin ár verið að vera yfir 70% í innheimtuhlutfalli árlega, þ.e. að innheimta yfir 70% hlutfall af útborguðu meðlagi hvers árs. Þetta markmið hefur náðst á ári hverju frá 2003. Innheimtuhlutfallið var 88% árið 2017, en var 86% árið 2016. Kröfur til innheimtu vegna ársins 2017 námu 3.786 millj. kr. en innheimtar kröfur námu 3.660 millj. kr. Virkir meðlagsgreiðendur voru að meðaltali 6.342 á árinu 2017.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir þau meðlög sem ekki innheimtast á árinu. Þannig verða ávallt full skil til Tryggingarstofnunar ríkisins á útborguðum meðlögum ársins. Markmið stjórnar Innheimtustofnunar er því að leitast við að efla innheimtuárangur og þurfa þar af leiðandi að sækja sem minnst af fjármunum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Á árinu 2017 þurfti að sækja 397 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að standa full skil við Tryggingastofnun ríkisins.

Rekstur ársins 2017

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins voru tekjur umfram gjöld af rekstri stofnunarinnar 60,7 millj. kr. Eigið fé stofnunarinnar nam 16.292 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og forstjóri Innheimtustofnunar sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. apríl 2018

Í stjórn stofnunarinnar:



Forstjóri:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu stofnunarinnar 31. desember 2017 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og víðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem það telur nauðsynlegt til að gera það kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi stofnunarinnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa stofnunina upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og víðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja víðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu víðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé víðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi stofnunarinnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á víðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert stofnunina órekstrarhæfa.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 13. apríl 2018

KPMG ehf.



Áritun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Við undirrituð skoðunarmenn Innheimtustofnunar sveitarfélaga, skipuð af fulltrúaráði Sambands íslenskra sveitarfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við ákvæði laga og reglna og leggjum við til að hann verði staðfestur.

Reykjavík, 13. apríl 2018

Johannes Á. Johannsson
Rut Haraldsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur			
Innheimtir dráttarvextir	2	322.510	344.627
Innheimtuþóknanir vegna erlendrar innheimtu		10.711	11.258
Innheimtuþóknanir vegna fyrirtækja		6.862	4.819
Aðrar innheimtuþóknanir		23.130	21.976
Endurkrafinn fjárnámskostnaður		20.221	19.461
		383.434	402.142
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	11	229.685	230.091
Annar rekstrarkostnaður		94.847	83.444
Afskriftir	12	8.391	7.836
		332.922	321.371
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		50.512	80.771
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		10.054	11.330
Vaxtagjöld		(5)	(3)
Gengismunur		111	103
		10.160	11.430
Rekstrarniðurstaða ársins	17	60.672	92.200

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
Eignir			
Rekstrarfjármunir		23.129	24.526
Hugbúnaður		13.396	20.389
Fastafjármunir samtals	12	<u>36.525</u>	<u>44.916</u>
Meðlagskröfur	7, 13	16.393.629	16.514.167
Óinnheimtar kröfur		11.811	10.840
Aðrar kröfur		295	1.863
Erlendar innheimtur	21	0	142
Handbært fé	8	243.775	235.207
Veltufjármunir samtals		<u>16.649.509</u>	<u>16.762.220</u>
Eignir samtals		<u>16.686.034</u>	<u>16.807.136</u>
Eigið fé			
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		14.262.053	14.459.781
Annað eigið fé		2.030.042	1.969.370
Eigið fé samtals	17	<u>16.292.095</u>	<u>16.429.150</u>
Skuldir			
Lífeyrisskuldbinding	18	239.545	236.598
Langtímaskuldir samtals		<u>239.545</u>	<u>236.598</u>
Tryggingastofnun ríkisins	19	50.000	50.600
Innanríkisráðuneytið	20	67.739	60.584
Erlendar innheimtur	21	970	0
Fyrirfram greidd meðlög		21.100	17.653
Ógreiddur kostnaður		14.585	12.551
Skammtímaskuldir samtals		<u>154.394</u>	<u>141.388</u>
Skuldir samtals		<u>393.939</u>	<u>377.986</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>16.686.034</u>	<u>16.807.136</u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	17	60.672	92.200
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	18	12.820	20.733
Afskriftir	12	8.391	7.836
Veltufé frá rekstri		81.883	120.768
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		1.710	(1.017)
Skammtímaskuldir, hækkun		10.159	8.388
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum samtals		11.869	7.372
Handbært fé frá rekstri		93.752	128.140
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum og hugbúnaði	12	0	(6.083)
Meðlagskröfur til innheimtu, breyting		(470.869)	(579.615)
Fjárfestingarhreyfingar		(471.839)	(587.073)
Fjármögnunarhreyfingar			
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	17	397.128	464.442
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar	18	(9.873)	(8.743)
Skuld við Tryggingastofnun ríkisins, breyting		(600)	50.600
Fjármögnunarhreyfingar		386.655	506.299
Breyting á handbæru fé		8.568	47.366
Handbært fé í ársbyrjun		235.207	187.840
Handbært fé í árslok		243.775	235.207

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu, í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um gerð ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar innanríkisráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Innlausn tekna

Tekjur Innheimtustofnunar sveitarfélga eru innheimtir dráttarvextir, innheimtuþóknarir og fjárnámskostnaður sem meðlagsgreiðendur og fyrirtæki, sem ekki hafa skilað meðlagsgreiðslum á gjalddögum, greiða. Dráttarvextir eru reiknaðir á gjaldfallnar kröfur í samræmi við lög nr. 41/1986.

3. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

4. Endurgreiddur virðisaukaskattur

Stofnunin fær virðisaukaskatt af sérfræðipjónustu endurgreiddan skv. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og skv. ákvæðum reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila.

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

Fasteign	50 ár
Innréttingar og áhöld	5-10 ár

6. Hugbúnaður

Stofnunin hefur fjárfest í nýjum hugbúnaði sem tekinn var í notkun í janúar 2012. Hugbúnaðurinn er færður á kostnaðarverði. Hugbúnaðurinn er afskrifaður á 7 árum.

7. Innheimtukröfur

Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur það meginhlutverk að innheimta meðlög og sérstök framlög samkvæmt barnalögum hjá meðlagsskyldum aðilum á grundvelli dóms, staðfests samnings eða úrskurðar sýslumanns sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt til meðlagsmóttakenda. Stofnunin skilar heildarfjárhæð innheimtukrafna til Tryggingastofnun ríkisins tveimur mánuðum eftir gjalddaga og greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga það sem ekki hefur verið innheimt. Dráttarvextir eru reiknaðir á kröfur mánaðarlega en vegna óvissu um innheimtu þeirra og heimilda sem stofnunin hefur til niðurfellingar á dráttarvöxtum eru eingöngu færðir til tekna innheimtir dráttarvextir. Útistandandi dráttarvextir eru sundurliðaðir í skýringu 16.

Innheimtustofnun sveitarfélaga ber ekki áhættu af því að meðlög, áfallnir vextir og kostnaður innheimtist ekki, þar sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir Tryggingastofnun ríkisins þau meðlög sem ekki innheimtast. Vegna þessa eru afskrifaðar og niðurfelldar meðlagskröfur ekki færðar til gjalda í rekstrarreikningi innheimtustofnunar.

8. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

9. Annað eigið fé

Liðurinn annað eigið fé hefur myndast á árunum 1986 - 2017. Þar sem innheimtir dráttarvextir samkvæmt lögum nr. 41/1986 og aðrar tekjur hafa verið umfram gjöld. Tekjur hvers árs lækka framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til greiðslu meðlaga.

Skýringar, frh.:

10. Lífeyrisskuldbinding

Færð er lífeyrisskuldbinding hjá stofnuninni vegna áfallinna lífeyrisréttinda starfsmanna. Starfsmenn stofnunarinnar eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins í samræmi við ákvæði laga um sjóðinn. Skuldbinding stofnunarinnar vegna þessa er í árslok færð í ársreikninginn og er hún byggð á tryggingafræðilegum útreikningi og er miðað við 2,0% vexti við útreikning. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 18.

11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2017	2016
Laun	167.055	164.631
Launatengd gjöld	45.166	38.584
Bifreiðastyrkur	2.303	3.807
Fæðisstyrkur	2.341	2.337
Laun og launatengd gjöld án lífeyrisskuldbindingar	216.864	209.359
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	12.820	20.732
Laun og launatengd gjöld samtals	229.685	230.091
Stöðugildi að meðaltali	20	21

Laun stjórnar og forstjóra námu 22,8 millj. kr. á árinu 2017. (2016: 20,8 millj. kr.)

12. Rekstrarfjármunir og hugbúnaður

Rekstrarfjármunir og hugbúnaður greinist þannig:

	Fasteign	Áhöld og tæki	Innréttingar	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2017	32.525	6.774	31.858	51.979	123.136
Afskrifað áður	(13.947)	(4.397)	(28.288)	(31.589)	(78.220)
Afskrifað á árinu	(650)	(619)	(128)	(6.994)	(8.391)
Bókfært verð 31.12.2017	17.928	1.759	3.443	13.396	36.525
Heildarverð 31.12.2017	32.525	6.774	31.858	51.979	123.136
Afskrifað samtals	(14.597)	(5.016)	(28.416)	(38.583)	(86.611)
Bókfært verð 31.12.2017	17.928	1.759	3.443	13.396	36.525
Afskriftahlutföll	2%	20%	10-20%	14%	

Fasteignamat húseignar nam 93,3 millj. kr. í árslok 2017 og brunabótamat nam á sama tíma 110,1 millj. kr.

13. Meðlagskröfur til innheimtu

Meðlagskröfur til innheimtu greinast þannig:

	2017	2016
Meðlagskröfur á einstaklinga	21.077.122	21.247.174
Meðlagskröfur á fyrirtæki	13.944	12.099
Óinnheimtir áfallnir dráttarvextir og fjárnámskostnaður	(4.697.436)	(4.745.106)
Meðlagskröfur til innheimtu samtals	16.393.629	16.514.167
Meðlagskröfur eldri en 12 mánaða	18.873.000	19.110.000

Skýringar nr. 14-16 sýna hvernig einstakir liðir hér að ofan greinast á árunum 2017 og 2016.

Skýringar, frh.:

14. Meðlagskröfur á einstaklinga

Meðlagskröfur á einstaklinga greinast þannig á árinu:

	2017	2016
Óinnheimtar kröfur 1.1.	21.247.174	21.010.689
Skuldfærður kostnaður (sjá skýringu 16)	16.384	17.225
Skuldfærðir dráttarvextir (sjá skýringu 16)	273.987	434.228
Kröfur ársins	3.785.941	3.658.882
Kröfur millifærðar á fyrirtæki	(8.673)	(10.935)
Fyrirfram greidd meðlög breyting	3.306	(1.481)
Afskrifaðar kröfur	(591.313)	(430.702)
Til innheimtu samtals	24.726.806	24.677.906
Innheimt á árinu	(3.649.685)	(3.430.732)
Meðlagskröfur á einstaklinga samtals	21.077.122	21.247.174

15. Meðlagskröfur á fyrirtæki

Meðlagskröfur á fyrirtæki greinast þannig:

Óinnheimtar kröfur 1.1.	12.099	11.287
Áfallinn kostnaður	3.338	3.503
Áfallnir vextir (sjá skýringu 16)	627	669
Kröfur millifærðar af einstaklingum	8.673	10.935
Afskrifaðar kröfur	(212)	(1.100)
Til innheimtu samtals	24.524	25.294
Innheimt á árinu	(10.580)	(13.195)
Meðlagskröfur á fyrirtæki samtals	13.944	12.099

16. Óinnheimtir dráttarvextir og fjárnámskostnaður

Óinnheimtir dráttarvextir og fjárnámskostnaður greinast þannig:

Staða 1.1.	4.745.106	4.653.569
Áfallnir dráttarvextir	1.518.449	1.666.459
Áfallinn fjárnámskostnaður ársins	20.448	20.728
Niðurfelldir dráttarvextir	(1.243.836)	(1.231.562)
Til innheimtu samtals	5.040.168	5.109.194
Innheimtir dráttarvextir á árinu	(322.510)	(344.627)
Innheimtur fjárnámskostnaður ársins	(20.221)	(19.461)
Óinnheimtir dráttarvextir samtals	4.697.436	4.745.106

17. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

	Framlag jöfnunarsjóðs	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2017	14.459.781	1.969.369	16.429.150
Krafa ársins	397.128	0	397.128
Afskrifaðar meðlagskröfur á árinu	(591.525)	0	(591.525)
Afskrifaður lögræðikostnaður á árinu	(3.330)	0	(3.330)
Rekstrarniðurstaða ársins	0	60.672	60.672
Eigið fé 31.12.2017	14.262.054	2.030.042	16.292.095

Skýringar, frh.:

18. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding stofnunarinnar greinist þannig:

	2017	2016
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	236.598	224.608
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu	12.820	20.733
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar á árinu	(9.873)	(8.743)
Lífeyrisskuldbinding í árslok	<u>239.545</u>	<u>236.598</u>

19. Skammtímaskuldir

Skuld við Tryggingastofnun ríkisins greinist þannig:

Skuld 1.1.	50.600	0
Meðlagskröfur ársins	3.785.941	3.658.882
Innheimt meðlög greidd af stofnuninni til Tryggingastofnunar ríkisins	(3.389.413)	(3.143.840)
Greitt úr Jöfnunarsjóði	(397.128)	(464.442)
Skuld við Tryggingastofnun ríkisins í árslok	<u>50.000</u>	<u>50.600</u>

20. Skuld við Innanríkisráðuneytið

Skuld við Innanríkisráðuneytið greinist þannig:

Staða 1.1.	60.584	52.874
Innheimt á árinu	231.988	220.479
Skuldfærður kostnaður	(549)	(858)
Skil ársins	(224.284)	(211.910)
Skuld við Innanríkisráðuneytið í árslok	<u>67.739</u>	<u>60.584</u>

21. (Skuld) Kröfur vegna erlendra innheimtu

(Skuld) krafa vegna erlendra innheimtu greinist þannig:

Staða 1.1.	142	446
Innheimt á árinu	(118.878)	(102.648)
Skuldfærður kostnaður	178	418
Skil ársins	117.588	101.926
Erlendar innheimtur samtals	<u>(970)</u>	<u>142</u>

22. Aðrir liðir

Vergur kostnaður í hlutfalli við innheimtar kröfur er sem hér segir:

	2017	2016	2015	2014	2013
Innheimt samtals	4.011.131	3.767.054	3.382.817	3.386.211	3.253.666
Vergur kostnaður	291.263	270.932	243.190	236.609	231.804
Hlutfall	7,26%	7,19%	7,19%	6,99%	7,12%